

# TÉKKLISTI

## SKÓLAKYNNING Á EFSTU STIGUM GRUNNSKÓLA OG FRAMHALDSSKÓLA

### TIL HVER ER ÆTLAST AF LISTAMÖNNUM?

1. Í samráði við skóla ákveður listamaður hve löng kynningin á að vera (helst um ein kennslustund).
2. Listamaður þarf að vera vel undirbúin/n fyrir kynninguna.
3. Kynningin á að fjalla um verk og feril listamannsins og virka sem sneiðmynd af starfi hans.
4. Kynningunni er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um starf myndlistarmannsins og fá þá til að kveikja á möguleikum fagsins.
5. Ætlast er til þess að listamaður sýni verk sín með einhver konar kynningu með myndefni sem hæfir hverjum og einum listmanni: Þetta er gert til að nemendur fái betri tilfinningu fyrir efninu sem listamaðurinn vinnur með og sökkvi sér þar með betur í efni kynningarinnar.
6. Ætlast er til þess að kynningin sé haldin á íslensku nema ef um annað er samið.
7. Ætlast er til þess af listamanni að hann nýti sér þá þekkingu og reynslu sem hann hefur til að koma á einhverskonar samtali við nemendur um myndlist: Þetta samtal getur verið á hvaða formi sem listamaður telur hæfa kynningu sinni best.
8. Listamaður verður að gera sér grein fyrir að um er að ræða nemendur á efsta stigi grunnskóla og framhaldsskóla og að kynning hans verði að hæfa því aldurstigi.

Kærar þakkir fyrir að taka þátt í skólakynningum Mánaðar myndlistar 2022!

## MÁNUÐUR MYNDLISTAR 2022